

## Ágrip af sögu og starfsemi blóðmeinafræðideildar

Vísi að rannsóknastofu Landspítalans má rekja allt til stofnunar spítalans árið 1930. Árið 1958 var rannsóknadeild formlega stofnuð við spítalann og var Davíð Davíðsson prófessor í lífefna- og lífeðlisfræði ráðinn yfirlæknir hennar. Deildarrannsóknakona var Guðný Guðnadóttir sem starfað hafði á rannsóknastofunni frá árinu 1935, en alls störfuðu sex rannsóknakonur á deildinni við stofnun hennar.

Við stofnun spítalans árið 1930 hafði rannsóknastofan til umráða 25m<sup>2</sup> herbergi. Á næstu áratugum jókst þáttur rannsókna í starfsemi spítalans jafnt og þétt og frá árinu 1961 hefur rannsóknastofa í blóðmeinafræði verið rekin sem sérstök deild innan Landspítalans. Sama ár var Sigmundur Magnússon ráðinn í stöðu yfirlæknis deildarinnar en hann hafði numið lyflækningar og blóðsjúkdómafræði í Bandaríkjunum. Davíð Davíðsson var áfram yfirlæknir meinafræði- og ísótóparannsókna. Árið 1991 fluttu rannsóknastofur í blóðmeinafræði og meinafræði (nú klínísk lífefnafræði) í nýtt, rúmlega 800 m<sup>2</sup> húsnæði í K-byggingu Landspítalans við Hringbraut, en náíð samstarf hefur ætíð verið á milli þessara tveggja deilda.

Auk þess að sinna þjónustu- og vísindarannsóknum, greiningu blóðsjúkdóma og meðhöndlun blóðstorkumeina er það hlutverk blóðmeinafræðideildar að vera vettvangur fyrir kennslu lækna- og lífeindafræðinema. Á fyrstu áratugum rannsóknastofunnar gafst þó lítið svigrúm til vísindastarfa og aðstaða til kennslu var bágborin. Þessari starfsemi hefur þó vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum, læknar og fleiri starfsmenn deildarinnar sinna kennslu í blóðsjúkdómafræðum á námsbrautum Háskóla Íslands í lækni- og lífeindafræði og öflugt rannsóknastarf fer nú fram á vegum deildarinnar.

Allt frá stofnun blóðmeinafræðideildar hafði hún einnig það hlutverk að meðhöndla sjúklinga með alvarlega blóðsjúkdóma. Legudeildarsjúklingar á vegum blóðmeinafræðideildar voru í fyrstu vistaðir á deildum 11A og 11B og víðar, en árið 1988 tók deild 11E til starfa þar sem sjö rúm voru ætluð fyrir sjúklinga með alvarlega blóðsjúkdóma. Árið 1990 hófst móttaka fyrir sjúklinga blóðmeinafræðideildar á göngudeild krabbameinsdeildar. Í árslok árið 2002 var rannsóknastofa blóðmeinafræðideildar og greining og meðferð sjúklinga með blóðstorkumein aðskilin frá nýrri klínískri blóðlækningadeild á lyflækningasviði sem stofnuð var sem hluti af sameiningarferli Landspítalans og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Göngudeildarsjúklingum blóðmeinafræðideildar, þ.e.a.s. sjúklingum með blæðinga- eða storkuvandmál, er áfram sinnt á göngudeild 11B. Önnur breyting sem varð á starfsemi blóðmeinafræðideildar við sameiningu spítalanna tveggja var sú að í lok ársins 2002 voru rannsóknastofur beggja spítalanna sameinaðar og hin síðari ár hefur þróunin orðið á þann veg að meginstarfsemi deildarinnar hefur í auknum mæli færst yfir á Landspítalann við Hringbraut.

Fyrstu áratuginu einkenndist starfsemi blóðmeinafræðideildar af baráttu fyrir bættu húsnæði og betri tækjakosti og glímu við fjárlög og sparnað. Starfsmannamál tóku líka sinn tíma, s.s. viðbrögð við manneklu, verkföllum og uppsögnum starfsfólks. Um miðjan níunda áratuginn bar ofarlega umræðu og aðgerðir vegna smithættu frá eyðnismituðu blóði. Árið 1986 var svo brotið blað í starfsemi deildarinnar þegar tölvukerfi var tekið í notkun á rannsóknastofunni og byrjað var að skrá beiðnir og svör við rannsóknum í tölvur.

Í dag eru starfsmenn blóðmeinafræðideildar 45 að tölu í u.þ.b. 34 stöðugildum. Sigmundur Magnússon var fyrsti yfirlæknir deildarinnar og starfaði sem slíkur allt frá stofnun hennar til ársins 1997 en þá tók Páll Torfi Önundarson við stöðu yfirlæknis. Eygló Bjarnadóttir var fyrst til þess að gegna stöðu yfirmeinataknis, frá árinu 1986 til 2004, en áður hafði hún, og á

undan henni Elísabet Una Einarsdóttir og Anna Pálsdóttir, stýrt daglegri starfsemi deildarinnar sem deildarmeinataeknir. Yfirlífeindafræðingur blóðmeinafræðideildar frá árinu 2004 til ársloka 2011 var Margrét Ágústsdóttir.

Í maí 2012 var starfsemi blóðmeinafræðideildar og klínískrar lífeindafræðeildar sameinuð undir nafni rannsóknakjarna Landspítala með sameiginlegri forstöðu yfirlæknanna Páls Torfa Öndarsonar og Ísleifs Ólafssonar auk Lísbetar Grímsdóttur deildarstjóra sem hefur umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar.

### **Heimildir:**

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson. (1970). *Læknar á Íslandi*. Reykjavík: Læknafélag Íslands / Ísafoldarprentsmiðja hf.

Ólafur Grímur Björnsson (ritstjóri). (1996). Guðný Guðnadóttir. Í Grímur Björnsson (ritstjóri), *Bók Davíðs* (bls. 1109-1134). Reykjavík: Háskólaútgáfan, Háskóli Íslands.

Einnig var stuðst við heimildir úr [skjalasafni Sigmundar Magnússonar](#).